

Stjórnarformaður Auðhumlu:


Þáttaskil í starfseminni

Ágætu Auðhumlufélagar

Við þessi áramót verða þáttaskil í starfsemi Auðhumlu og Mjólkursamsölunnar. Lokið er endurskipulagningu mjólkuriðnaðarins, sem hefur falið í sér nýja verkaskiptingu milli afurðastöðva, endurnýjun tækjabúnaðar og miklar fjárfestingar auk endurskipulagningar söfnunar- og flutninga-kerfa um allt land. Þessu verki er að mestu lokið.

Einar Sigurðsson, forstjóri félaganna, sem hefur leitt þessa vinnu undanfarin ó ár, greindi stjórn félagsins frá því í byrjun árs að hann hyggðist hverfa til annarra starfa á miðju þessu ári vegna breytinga á fjölskylduhögum. Einar hefur leitt breytingar í iðnaðinum af lipurð en festu. Undir hans stjórn hefur félagið einnig styrkt sig í sessi með landvinningum á markaði erlendis. Hann hefur jafnframt, verið forstjóri Auðhumlu og tekið virkan þátt í umræðum um stöðu kúabænda og framtíðarhorfur í greininni. Einar stýrði á síðasta ári mikilvægri vinnu við að hvetja bændur til aukinnar framleiðslu þegar eftirspurn á markaði varð langt umfram það sem vænst hafði verið. Það verður mikil eftirsjá af honum þegar hann hverfur til annarra verka á miðju sumri. Reyndar munu tengslin ekki alveg rofna því Einar mun áfram taka þátt í að byggja með Mjólkursamsölnni og hópi fjárfesta upp fyrirtæki til framleiðslu og sölu á skyri í Bandaríkjunum. Undirbúningur þessa verkefnis hefur staðið í tvö ár og er nú á lokastigi. Mjólkursamsalan leggur ekki fjármagn inn í fyrirtækið heldur er fyrst og fremst að selja þekkingu, reynslu, sögu og tengingu við Ísland og eignast þannig hlut í fyrirtækinu. Undirbúningur að vinnu við ráðningu nýs forstjóra MS og Auðhumlu er þegar hafinn.

Mjólkursamsalan, afurðafyrirtæki kúabænda, er nú vel í stakk búin að takast á við verkefni næstu ára. Tækjabúnaður um allt land hefur verið endurnýjaður. Eftirspurn eftir mjólkurafurðum hefur aldrei verið meiri og vex stöðugt hér heima. Þriggja milljarða króna hagræðing í rekstrinum hefur leitt til raunlækkunar vöruverðs og gefið færi á þeirri verðhækkun til bænda, sem orðið hefur undanfarin ár. Útflutningur og sala á þjónustu og þekkingu á sviði skyrframleiðslu skila verulegum ábata til framtíðar.



Framundan er endurskoðun búvörulaga og gerð nýs búvörusamnings, sem móta rekstrarumgjörð kúabænda og mjólkuriðnaðarins sem þeir eiga. Það skiptir því miklu að bændur taki virkan þátt í umræðum um mikilvægustu framtíðarmál greinarinnar á áðalfundi MS sem verður í byrjun mars, deildafundum Auðhumlu, sem verða í mars og áðalfundi Auðhumlu sem verður í apríl. Segja má að markaðurinn og aukin eftirspurn eftir fitumeiri mjólkurafurðum hafi með vissum hætti lagt nýjar línur fyrir kúabændur. Ákvörðun um að greiða eitt verð fyrir alla mjólk til að hvetja til framleiðslu hefur þegar verið tekin fyrir árin 2013 – 2015. Margt bendir til þess að þetta fyrirkomulag standi út árið 2016, þ.e.a.s út tíma núverandi búvörusamnings.

Á fulltrúafundi Auðhumlu sem haldinn var í lok nóvember sl. kom fram sú eindregna skoðun 80% fulltrúa að þetta ætti að verða framtíðarfyrirkomulag í greininni. Þar með er verið að lýsa því yfir að bændur vilji hætta að nota kvótastýringu til að stýra framleiðslu í landinu, gefa framleiðsluna í raun frjálsta og stýra henni fyrst og fremst með mjólkurverðinu. Greiðslumarkið er þá fyrst og fremst leið til að deila út stuðningi hins opinbera við greinina. Um þetta verður ítarlega rætt á deildafundum Auðhumlu. Þær umræður verða veganesti fyrir stjórn Auðhumlu inn í vinnu sem framundan er í félagasamtökum bænda og í samræðum við ríkið.

Það er afar mikilvægt að nýr búvörusamningur líti dagsins ljós sem fyrst og helst fyrirpart þessa árs. Sá samningur þarf að vera til all langs tíma t.d. 10 ára. Í honum þarf að koma fram með skýrum hætti hver verða starfsskiyrði kúabænda, réttindi þeirra og skyldur, og sömuleiðis rekstrarumgjörð fyrir afurðasölu þeirra og birgðastýringu.

Tollvernd og heimild til að starfa á markaði með svipuðum hætti og núverandi búvörulög heimila er þar lyklatríði. Það fyrirkomulag hefur skilað bændum og neytendum miklum ábata frá því núverandi búvörulög voru sett fyrir liðlega 10 árum. Mjólkurframleiðsla er afar viðkvæm grein og nú á þessum tímamótum verður algert lyklatríði að vel takist til í mótun starfsskilyrða greinarinnar. Vilji menn á annað borð hafa matvælaframleiðslu í landinu þarf hún traustan grunn.

Ég hvet alla kúabændur til að gefa þessum málum góðan gaum og láta í sér heyra á fundum í félagasamtökum sínum.

Með félagskveðju

Egill Sigurðsson
formaður stjórnar Auðhumlu svf.

Skýr skilaboð frá fulltrúafundi

Á fulltrúafundi Auðhumlu um mánaðamótin nóvember/desember sátu 56 fulltrúar og varafulltrúar. Umræður á fundinum snérist meðal annars um stöðu á markaði, stórkvæma eftirspurn mjólkurafurða og áhrif hennar á greiðslumarkskerfið og greiðslufyrirkomulag fyrir mjólk, búvörulög og búvörusamninga og loks um úrskurð Samkeppniseftirlitsins í málefnum Mjólkursamsölnunnar og viðbrögð fyrirtækisins við honum.

Egill Sigurðsson, formaður stjórnar Auðhumlu, ræddi meðal annars um áhrif úrskurðar Samkeppniseftirlitsins, sem þá lá fyrir um verðlagningu á mjólk til aðila utan framleiðslusamstarfs MS og KS. Hann sagði að sá skilningur sem þar kæmi fram á búvörulögum takmarkaði getu fyrirtækja í greininni til að starfa saman að því að lækka kostnað og hagræða með þeim hætti sem verið hefði. Bændur hefðu stýrt afurðafyrirtækjum sínum í samræmi við búvörulög með það fyrir augum að ná fram hagræðingu í starfsemi sinni og tryggja þannig raunlækkun vöruverðs, jafna stöðu bænda gagnvart markaði og jafna stöðu lítilla og stórra

verslunarfyrirtækja. Túlkun eftirlitsins á lögunum myndi setja þetta í uppnám yrði hún staðfest. Frá því fulltrúafundurinn var haldinn hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála vísað málinu aftur til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu, sem nú vinnur að nýrri gagnaoöflun til undirbúnings nýrri ákvörðunartöku í málinu. Einar Sigurðsson forstjóri félagsins sagði að engin vafi léki á að ímynd fyrirtækisins hefði beðið hnekkis í þeirri fordæmalasu fjölmiðlaumræðu sem málinu hefði fylgt. Hins vegar hefði komið í ljós að ímynd mjólkurafurða og ímynd bænda, sem framleiða mjólk, er áfram mjög sterk. Umræðan hefði ekki enn haft nein merkjanleg neikvæð áhrif á sölu afurða.

Á fundinum varð töluverð umræða um málið og fréttatvörun af því. Fundarmenn ræddu m.a. um ástæður þess að þessi úrskurður hefði þótt meira fréttafni en margir aðrir sambærilegir. Þótti ýmsum að fyrirtækið hefði verið seint til að svara fyrir sig en einnig komu fram sjónarmið um að gott hefði verið að fara fram af varúð. Fram kom að félagið tók í upphafi á málinu með svipuðum hætti og önnur stórfyrirtæki, sem sætt hafa háum sektum samkeppnisyfirlitvalda undanfarin ár. Umræðan og fréttatvörunin um málefni Mjólkursamsölnunnar hafi hins vegar þróast með allt öðrum hætti en fyrirtæki hafa átt að venjast. Það má að líkindum rekja til þess sérstaka lagaumhverfis sem mjólkurframleiðsla og mjólkurvinnsla býr við. Umræðan í fjölmiðlum varð því fljótt umræða um lagaumgjörð landbúnaðarkerfisins.

Fyrirtæki íslenskra kúabænda

Á fundinum fjölluðu Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri og Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri um sölupróun á árinu 2014, umræðuna um fyrirtækið í haust og viðbrögð þess. Guðný benti á að vörur MS hefðu áfram jákvæða og sterka ímynd þrátt fyrir umræðuna. Hún sagði ímyndarvinnan 2015 fælist í áherslu á að Mjólkursamsalan sé bændaþing og á bak við hana séu mörg hundruð fjölskyldubú, en í ljós hefur komið að ekki er ríkur skilningur

í samfélaginu á eignarhaldi fyrirtækisins. Á árinu 2015 verður unnið að því að byggja áfram undir sterk vörumerki með markaðssetningu á netinu og í hefðbundnum fjölmiðlum og MS og MS vörur verða áberandi úti á vettvangi. Hún sagði að nýtt íslenskuáttak yrði kynnt á mjólkurfernum vorið 2015 en megináherslan 2015 verður að leggja áherslu á tengingu við sveitina og upprunann.

Engar breytingar á heildsöluverði afurða í 16 mánuði

Stjórnarformaður vakti athygli á þeirri staðreynd á fundinum að verðlagsnefnd búvöru hefði ekki starfað frá miðju ári 2014 og ekki hefði verið verðlagt í rúmum ár. Í lok janúar verða 16 mánuðir frá því að heildsöluverð afurða var síðast hækkað. Bæði stjórnarformaður og forstjóri félagsins, ræddu um að þrátt fyrir þriggja milljarða króna hagræðingu undanfarinna ára væri innanlandsrekstur félagsins rekin á núlli 2014 og hófleg afkoma sem yrði af rekstrinum myndaðist í starfsemi erlendis. Einar benti á að þó að erlend starfsemi væri mikilvæg viðbót og styrkti reksturinn fylgdi því mikil áhætta að byggja afkomuna einvörðungu á henni. Mikilvægt væri að tryggja að verðlagning á innanlandsmarkaði væri eðlileg og í samræmi við innlendir kostnaðarhækkunar og þann árangur sem félagið næði í hagræðingu. Egill benti á að það væri í sjálfu sér ekki markmið félagsins að ávaxta eigið fé í samræmi við ávöxtunarkröfu annarra hlutfélaga. Hins vegar þyrfti félagið að geta endurnýjað sig og benti á að á undanförunum tveimur árum hefði félagið fjárfest í nýjum tækjum og búnaði fyrir 2,5 milljarða króna.

Einar Sigurðsson, forstjóri MS, sagði að fyrirtækinu hefði verið umbylt á sl. þremur árum þannig að tæki og búnaður á Akureyri og Selfossi hefði verið endurnýjaður og hlutverki stöðvarinnar í Reykjavík gjörbreytt. Afkoman síðustu ár hefði verið stöðug, en árið 2014 hefði verið mjög sérstakt í starfsemi. Greitt hefði verið fullt verð fyrir alla mjólk til að tryggja nægilega mjólkurfitu fyrir markaðinn, en verð á dufti sem flytja hefði þurft út hefði lækkað allt árið og væri nú í sögulegu lágmarki. Þetta hefði þyngt reksturinn verulega. Velgengni á erlendum skyrmarkaði hefði hins



vegar skilað drjúgum ábata. Framundan væri hins vegar óvissuástand á mjólkurvörumarkaði um alla Evrópu vegna þriðjungs verðlækkunar á hráefni sem gæti komið niður á erlendum hluta starfseminnar.

Einar benti á að mjólkurþörfin fyrir næsta ár væri um 140 milljónir lítrar til að hægt væri að sinna innanlandsmarkaðnum og byggja upp birgðir, einkallega af fiturikum vörum. Því væri mikilvægt að bændur héldu áfram þeirri sókn sem hafin var í framleiðslu á árunum 2013/2014.

Miklar og málefnalegar umræður urðu í lok framsögu-erinda á fundinum. Auk umræðna um úrskurð Samkeppniseftirlits og viðbrögð við honum var rætt ítarlega um verðlagskerfið og þörf fyrir afurðaverðhækkun. Einnig var fjallað um gæðamál í mjólkurframleiðslu og fréttir af sviptingu framleiðsluleyfa.

Afdráttarlaus afstaða í vinnuhópum

Í vinnuhópum í fundarlok ræddu fulltrúa annars vegar um framtíðarfyrirkomulag á greiðslum til kúabænda og hins vegar um fyrirkomulag ríkisstuðnings við greinina. Í lok hópavinnunnar var óformleg skoðanakönnun eða atkvæðagreiðsla, sem langflestir fulltrúar tóku þátt í. Þar kom fram mjög eindregin niðurstaða. 80% fulltrúa töldu að rétt væri að halda áfram að greiða eitt verð fyrir alla mjólk þó svo að það verð gæti hreyfst í báðar áttir eftir markaðstekjum. Afurðastöðvaverðið tæki þá mið af söluárangri bæði á innanlandsmarkaði og erlendum útflutningsmarkaði og bændur tækju þá sameiginlega ábyrgð á starfsemi félagsins gagnvart báðum mörkuðum. Á fulltrúafundinum töldu 75% rétt að halda því fyrirkomulagi að ríkisstuðningi við greinina yrði deilt út í samræmi við greiðslumarkseign. Ein meginforsenda ríkisstuðningsins er að hann sé bundinn innanlandsmarkaði, sem greiðslumarksaðkvörðun hverju sinni er mælikvarði á.



Deildafundir Auðhumla 2015

Gert er ráð fyrir því að aðalfundur Mjólkursamsölunnar verði haldinn 5.mars næstkomandi og í beinu framhaldi verði deildafundir Auðhumla. Sá fyrsti verður í húsnæði MS á Selfossi föstudaginn 6.mars fyrir Flóa- og Ölfusdeild.

Á töflunni sem hér fylgir er yfirlit fundanna, dagsetning og fundarstaðir.

Dags	Vikudagur	Staður	Deild	Kl.
6.3. 2015	Föstudagur	MS Selfossi	Flóa- og Ölfusdeild	11:30
9.3. 2015	Mánudagur	Hótel Flúðir	Uppsveitadeild	11:30
10.3. 2015	Þriðjudagur	Hótel Fljótshlíð, Smáratúni	Eyjafjalladeild / Landeyjadeild / Holtá-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild	11:30
11.3. 2015	Miðvikudagur	Hótel Hamar	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild / Borgarfjarðardeild / Hvalfjarðardeild	11:30
16.3. 2015	Mánudagur	Hótel Kirkjubæjarklaustur	Vestur-Skaftafellsdeild	11:30
16.3. 2015	Mánudagur	Hótel Smyrlabjörg	Austur-Skaftafellsdeild	20:30
17.3. 2015	Þriðjudagur	Gistihúsið Egilsstöðum	Austurlandsdeild	11:30
18.3. 2015	Miðvikudagur	Hótel Natur, Svalbarðsströnd	Norðasturdeild	11:30
19.3. 2015	Fimmtudagur	Húnabraut 13, Blönduósi	Austur- og Vestur-Húnaþingsdeildir	11:30
20.3. 2015	Föstudagur	Dalakot, Búðardal	Breiðafjarðardeild	11:30
21.3. 2015	Laugardagur	Hótel Ísafjörður	Breiðafjarðardeild	11:30

